

Þriðjudaginn 6. nóvember 1973.

Nr. 151/1973: Magnús Thorlacius
 gegn
 Árna Guðjónssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hina kærðu ákvörðun hafa gert stjórnarmenn Lögmannafélags Íslands, hæstaréttarlögmennirnir Páll S. Pálsson, Jóhannes L. L. Helgason, Sveinn H. Valdimarsson og Skúli Pálsson héraðsdómslögmaður.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. október 1973, er Hæstarétti barst 19. s. m. Kærir sóknaraðili „til breytingar úrskurð“ stjórnar Lögmannafélags Íslands „í kærumálinu: Magnús Thorlacius gegn Árna Guðjónssyni, uppkveðinn“ 26. september 1973.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Á fundi stjórnar Lögmannafélags Íslands 26. september 1973 var gerð svohljóðandi bókun:

„Eins og máli þessu er nú komið, þykir stjórninni ekki vera ástæða til frekari aðgerða í því. Verður þetta tilkynnt aðiljum málsins.“

Þegar virt er forsaga 4. málsg. 8. gr. laga nr. 61/1942, ber að skýra það ákvæði svo, að kæruheimild sé einungis í höndum þess, er sætir viðurlögum samkvæmt 3. málsg. Samkvæmt því brestur sóknaraðilja heimild til að kæra mál þetta, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.